

ÁFRÝJUNARNEFND SAMKEPPNISMÁLA

Úrskurður í máli nr. 6/2016

Línudans ehf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I

Kröfur málsaðila

Með úrskurði 4. júlí 2016 í máli nr. 2/2016 hafnaði áfrýjunarnefnd samkeppnismála kröfu Línudans ehf. (hér eftir nefndur áfrýjandi) um að fella úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 13. maí 2016 um að aðhafast ekki frekar vegna erindis félagsins til eftirlitsins 1. mars sama ár. Kvartað var yfir athöfnum Landsnets ehf. sem að mati áfrýjanda höfðu skaðleg áhrif á samkeppni á markað fyrir sölu á verkfræðiþjónustu við hönnun á háspennumöstrum. Með tölvubréfi fyrirvarsmanns áfrýjanda 2. ágúst 2016, sem sent var áfrýjunarnefndinni, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og iðnaðar- og viðskiptaráðherra, voru gerðar athugasemdir sem lutu að hæfi tveggja nefndarmanna, þeirra Jóhannesar Karls Sveinssonar og Brynhildar Benediktsdóttur, til að úrskurða í málinu. Með bréfi nefndarinnar til áfrýjanda 11. sama mánaðar var vakin athygli hans á heimild til endurupptöku máls samkvæmt 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Sama dag barst tölvubréf frá áfrýjanda. Verður að skilja efni þess á þann veg að gerð sé krafa um endurupptöku málsins með vísan til sjónarmiða um vanhæfi, sem reifuð eru í framangreindum athugasemdum áfrýjanda, og að úrskurðað verði að nýju um þá kröfu hans að Samkeppniseftirlitinu verði gert að taka umrædda kvörtun hans til rannsóknar.

Samkeppniseftirlitið krefst þess að beiðni um endurupptöku verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá áfrýjunarnefndinni

Samkeppniseftirlitið gerði grein fyrir afstöðu sinni til endurupptökubeiðni áfrýjanda í tölvubréfi 15. september 2016. Þá sendi áfrýjandi nefndinni viðbótarathugasemdir í tölvubréfum 20. og 29. nóvember 2016.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist þar sem nefndin var ekki fullskipuð fyrr en 14. nóvember sl., en með bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þann dag voru Þorgeir

Ingi Njálsson dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness og Eva Dís Pálmadóttir hæstaréttarlögmaður skipuð í nefndina til að fjalla um fram komið erindi áfrýjanda

III

Röksemdir málsaðila

1. Málsástæður og lagarök áfrýjanda

Svo sem fram er komið telur áfrýjandi að tveir af þremur nefndarmönnum í áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi verið vanhæfir til að úrskurða í því.

Áfrýjandi bendir á að hann hafi áður en mál þetta fór af stað kannað hvort lögmannsstofan Landslög væri tilbúin að taka málið að sér fyrir hönd félagsins. Jóhannes Karl Sveinsson er einn af eigendum stofunnar. Hafi áfrýjandi fengið þau svör að það væri ekki unnt þar sem Landsnet væri í viðskiptum við Landslög og að því væri hætta á hagsmunaárekstrum. Því veiki það nokkra furðu að Jóhannes Karl Sveinsson teljist hæfur til þess að taka að sér formennsku í áfrýjunarnefnd sem þurfi að fjalla um samkeppnismál sem stefnt sé gegn Landsneti - viðskiptavini hjá Landslögum. Í þessu ljósi telji áfrýjandi ótvírætt að Jóhannes Karl Sveinsson hafi verið vanhæfur til að úrskurða í málinu, enda ekki hægt að halda því fram að hann eigi ekki hagsmuna að gæta. Telur áfrýjandi að ákvörðun hans og stefna í málinu, sem formaður nefndarinnar sem taki ákvörðun um úrskurð, kunni að vera lituð af hagsmunum hans, sem felist augljóslega í því að þjónusta vel viðskiptavini sína hjá Landslögum.

Þá bendir áfrýjandi á að mál þetta hafi farið af stað fyrst og fremst vegna þess að Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið með iðnaðar- og viðskiptaráðherrann Ragnheiði Elínu Árnadóttur í forsvari hafi ekki viljað viðurkenna „samkeppnishamlandi aðgerðir og samkeppnishamlandi starfsumhverfi umhverfis Landsnet og verkefni þess ríkisfyrirtækis“. Áfrýjanda sé ekki gert mögulegt að starfa á Íslandi og ráðuneytið eigi sinn þátt í því. Því sé það óeðlilegt að Brynhildur Benediktsdóttir, sem sé starfsmaður ráðuneytisins, taki þátt í því sem nefndarmaður í áfrýjunarnefnd samkeppnismála að fjalla um samkeppnismál sem fari gegn hagsmunum aðila hjá ráðuneytinu sjálfu. Það stríði gegn heilbrigðri skynsemi að halda því fram að starfsmaður ráðuneytis taki mögulega ákvörðun sem fari gegn hagsmunum vinnuveitanda hans. Brynhildur Benediktsdóttir hljóti því að teljast vanhæf til að fjalla um þetta mál.

2. Málsástæður og lagarök Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið telur að engin rök standi til þess að verða við beiðni áfrýjanda um endurupptöku og því beri að hafna henni. Að öðru leyti taldi Samkeppniseftirlitið ekki þörf á að því að tjá sig frekar í málinu.

IV

Niðurstaða

Mælt er fyrir um endurupptöku stjórnarsýslumáls og skilyrði hennar í 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 37/1993 kemur fram að aðili máls geti átt rétt til endurupptöku máls í fleiri tilvikum en það mælir fyrir um og þá meðal annars á grundvelli óskráðra reglna. Hefur verið talið að undir slík tilvik falli sú aðstaða þegar brotið hefur verið gegn svonefndum öryggisreglum stjórnarsýsluréttar, svo sem hæfisreglum.

Áfrýjandi hefur ekki vísað til lagaákvæða til stuðnings því að tveir af þremur nefndarmönnum í áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi verið vanhæfir til að fjalla um kæru hans til nefndarinnar sem hafnað var með úrskurði hennar 4. júlí 2016 í máli nr. 2/2016. Af erindi hans má þó ráða að byggt sé á vanhæfisástæðum samkvæmt 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga.

Meðal gagna málsins er tölvubréf lögmanns hjá Landslögum til fyrirsvarsmanns áfrýjanda í tilefni af þeirri staðhæfingu þess síðarnefnda að lögmannsstofan hafi ekki talið sér fært sökum mögulegra hagsmunaárekstra að taka að sér mál fyrir áfrýjanda sem beindist gegn Landsneti. Í tölvubréfinu kemur fram að lögmaður á stofunni hafi um tíma unnið fyrir Landsnet en þeirri hagsmunagæslu hafi lokið fyrir nokkrum árum. Þessu næst segir svo: „Þegar ég kannaði hagsmunaárekstra sá ég eitt tilfallandi lítið verkefni sem viðkomandi lögmaður vann á árinu 2014 og gerði þér grein fyrir því að við hefðum áður unnið fyrir Landsnet. Landsnet er ekki og hefur ekki verið í viðskiptum við Landslög frá þeim tíma.“ Upplýst er að Jóhannes Karl Sveinsson er ekki sá lögmaður sem hér er vísað til og að hann hafi aldrei unnið fyrir Landsnet. Með vísan til þessa verður ekki talið að fyrir hendi séu atvik eða aðstæður sem eru til þess fallnar að draga megji með réttu í efa óhlutdrægni hans til að úrskurða um umrædda kæru Línudans ehf.

Tveir ráðherrar fara með málaflokka atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Brynhildur Benediktsdóttir heyrir sem starfsmaður í ráðuneytinu undir þann ráðherra sem þar fer með sjávarútvegs- og landbúnaðarmál en ekki iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Kemur samkvæmt þessu ekki til álita sú aðstaða sem áfrýjandi telur að eigi að ráða niðurstöðu um hæfi Brynhildar til að úrskurða um kæru hans.

Með vísan til þess sem að framan greinir ber að hafna beiðni áfrýjanda um endurupptöku máls nr. 2/2016.

Úrskurðarorð:

Beiðni áfrýjanda, Línudans ehf., um að mál nr. 2/2016 verði endurupptekið, er hafnað.

Reykjavík, 14. desember 2016

Þorgeir Ingi Njálsson

Eva Dís Pálmadóttir

Stefán Már Stefánsson